

Föstudaginn 17. júní 1927.

Nr. 82/1927.

Margrjet Jónsdóttir (Kalman)

gegn

Jóni C. F. Arnesen eða Jóni C. F. Arnesen f. h. afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands, Eskifirði

(Jón Ásbjörnsson).

Útaf kröfu stefnanda um afhendingu vara, sem stefndi hafði látið leggja lögald á.

Dómur aukarjettar Sudur-Múlasýslu 21. desbr. 1925: Adalstefnda Margrjet Jónsdóttir greiði adalstefnanda, afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði kr. 4256,42 og í málskostnað 150 kr. Lögaldsgjörð sú, sem fram fór í eignum adalstefndu 4. ágúst 1924 á sem löglega gjörð og löglega rekin öröskun að standa.

Gagnstefndur á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 3. des. f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 30. nóv. s. á.

Eftir að málið var dæmt í hjeraði hefir áfrýjandi útvegað nýjar vitnaskýrslur og lagt þær fyrir hæstarjett.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða aukarjettardómi sendi seljandinn Jónas Jónasson með farmskirteini vörur þær, er ræðir um í málinu frá sölustaðnum, Reykjavík, til viðtökustaðarins, Eskifjarðar, og hjelt sjálfur farmskirteininu. Er það viðurkent, að áfrýjandi hefir hvorki áður en hún fjekk vörurnar afhentar nje eftir það fengið farmskirteinið í sínar hendur og sömuleiðis er það viðurkent að

áfrýjandi hefir ekki greitt neitt af hinu umsamda kaupverði fyrir þær og með vitnaskýrslu, er lögð hefir verið fram af nýju í hæstarjetti, og flutningi málsins er það einnig gert sennilegt, að víxill sá, er áfrýjandi hafði samþykkt og afhent seljanda fyrir kaupverðinu, hafi aftur komist ógreiddur í vörslur áfrýjanda og glatast hjá henni. Það brestur þannig alla sönnur fyrir því, að áfrýjandi hafi verið orðinn eigandi að vörunum og fengið umráð yfir þeim áður en þær voru sendar frá Reykjavík, og þar sem hún hafði ekki farmaskirteinið í höndum á Eskifirði hafði hún ekki heimild til að krefjast afhendingar á þeim þar nje til að veita þeim viðtöku sem sinni eign og selja af þeim. Áfrýjandi mátti og ganga út frá, að vörurnar væru henni afhentar með því skilyrði, að hún afhenti síðar frumrit farmaskirteinisins, og þar sem hún gat ekki fullnægt þessu og blandaði vörunum saman við sínar eigin vörur og seldi af þeim, þannig að þeim varð ekki skilað aftur, var stefnda heimilt að leggja löghald á eigur áfrýjanda svo sem hann gjörði til tryggingar endurgjaldi á tjóni því, er leiða kynni af því, að hann hafði afhent vörurnar án þess að fá farmaskirteinið í sínar hendur, enda greiddi stefndi síðar seljanda vörusendingarinnar söluandvirði hennar og öðlaðist þar með kröfu á hendur áfrýjanda til endurgreiðslu á því.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða aukarjettardóms, er eigi hefir verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandi Margrjet Jónsdóttir greiði stefnda Jóni C. F. Arnesen sem afgreiðslumanni Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Afgreiðsla Eimskipafjelags Íslands á Eskifirði höfðað fyrir aukarjetti Sudur-Múlasýslu, eftir árangurslausa sáttatilaun, gegn stefndum Margrjeti Jónsdóttur, kaupkonu á Eskifirði út af Ölögmætri afhendingu á vörum til hennar og eru atriði málsins þessi:

Í öndverðum marsmánuði 1924 var skipað í land, úr e/s. Esju, á Eskifirði og lagt upp á afgreiðslu Eimskipafjelags Íslands 2 kössum af vefnaðarvöru, sem vigtuðu 175 kg. og merktir voru stefndu. Í sama mánuði voru kassar þessir afhentir henni af stefnanda án þess að hún sýndi eða afhenti farmskírteini fyrir þeim.

19. s. m. símar sendandi vörunnar, Jónas nokkur Jónasson, Reykjavík, afgreiðslunni og leggur fyrir hana að afhenda ekki vörurnar, nema hann segi til, en endursenda þær annars með e/s. Esju til Reykjavíkur. En síðar, er sendandi komst að raun um að vörurnar væru afhentar, sneri hann sjer til Eimskipafjelags Íslands og krafðist þess að það stæði sjer skil á vörunum, eða andvirði þeirra, sem hann taldi vera 5000 kr., þar eð farmskírteinið yfir vörurnar væri í sínum höndum en ekki stefndu. Krafði nú Eimskipafjlagið stefnanda um vörurnar eða andvirði þeirra, en hann aftur stefndu, sem ekki vildi verða við kröfunni. Ljet þá stefnandi leggja lögghald á eignir stefndu; hinn 4. ágúst 1924 til tryggingar rjetti sínum og höfðaði síðan mál þetta til staðfestingar lögghaldsgerðinni.

Hefir stefnandi í aðalsökinni gert þær kröfur að framangreind lögghaldsgerð verði staðfest og stefnda dæmd til að skila sjer ofangreindum vörum eða andvirði þeirra, kr. 5000,00 svo og til greiðslu kostnaðar við lögghaldsgerð 200 kr. og málskostnaðar.

Á meðan á málinu stóð greiddi Eimskipafjelag Íslands í Reykjavík sendanda vörunnar, andvirði hennar með kr. 5000,00 og hefir stefnandi endurgreitt Eimskipafjelaginu sömu fjárhæð. Út af þessu höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefndum, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, þar sem hann krefst þess að að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði varanna 5000,00 kr. í skaðabætur, fyrir tjón það, sem hann hafi beðið við heimildarlausu afhendingu þeirra til stefndu og 5 % ársvexti af upphæðinni frá sáttakæruðegi til greiðsludags.

Stefnda hefir krafist sýknunar í aðalsök. Auk þess hefir hún undir rekstri málsins höfðað gagnsök og gert þær kröfur að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði eigna þeirra, er löghald var lagt á með 5500 kr. og í skaðabætur fyrir löghaldið, atvinnutjón og lánstraustshnekki 25000 kr., svo og í húsaleigu fyrir hinar kyrsettu eignir 335 kr. eða samtals 30835 kr. með 6 % ársvöxtum frá sáttakæruðegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómarans eða óvilballra manna.

Gagnstefndur hefir krafist sýknunar í gagnsökinni.

Til stuðnings máli sínu heldur aðalstefnandi því fram, að þegar aðalstefnda fjekk vörunnar afhentar, hafi hún lofað að afhenda aðalstefnda farmskirteini fyrir þeim, að skömmum tíma liðnum. Hefir Arnór Jóhannsson verslunarmaður, sem er starfsmaður afgreiðslunnar og sem vörunnar afhenti borði fyrir rjetti og staðfest þann framburð sinn með eiði, að aðalstefnda hafi lofað er hún fjekk vörunnar afhentar að skila farmskirteini yfir þær skömmum tíma síðar, eða þegar hún kæmi aftur úr för sinni til Reykjavíkur, sem þá var ráðin. Hann hafði einnig tilkynt Eimskipafjelagi Íslands í símskeyti 12. apríl, sem lagt hefir verið fram í rjettnum í eftirriti, að aðalstefnda hafi lofað að selja ekki vörunnar fyr en farmskirteinið kæmi og í brjefi til sama 17. maí tekur aðalstefnandi það fram að aðalstefnda hafi lofað á ný að koma með fullnægjandi skirteini fyrir vörunum þegar hún kæmi frá Reykjavík. Telur aðalstefnandi aðalstefndu eunfremur hafa verið vitanlegt að afhendingin var umræddum skilyrðum bundin og aðalstefnandi mundi ekki hafa afhent vörunnar án þess að treysta lofordi hennar og byggist afhendingin því á brostnum forsendum.

Aðalstefnda neitar því að hafa gefið nokkurt loford um að útvega farmskirteini fyrir vörunum. Hafi hún keypt vörar af sendanda fyrir 5000 kr. og greitt þær með víxli í Reykjavík. Hún hafi talið sig eiganda þeirra, enda þótt hún hefði ekki farmskir-

teini í höndum. Telur hún ekkert skilyrði hafa verið sett af sendanda fyrir afhendingu þeirra og afgreiðslan því verið vítalans þó hún afhenti henni þær, því til sín hafi þær átt að ganga. Hún hafi hitt sendanda nokkru síðar í Reykjavík og hafi hann tjáð sjer að hann ætlaði að taka vörurnar aftur af því, að hann gæti nú selt þær hærri verði. Víxlinum gæti hann ekki heldur skilað af því að hann væri glataður. En í vottorði, sem stefnda hefir lagt fram og sem sendandi hefir gefið út, heldur hann því fram, að víxill þessi hafi verið í höndum aðalstefndu, sem hafi glatað honum, og hefir ekkert frekar orðið upplýst um þennan ágreining aðalstefndu og sendanda. Mótmælir aðalstefnda vitnisburði Arnórs Jóhannssonar, þar sem hann sje vilhált vitni, og við málið riðinn.

Þá telur aðalstefnda, að nokkuð af vörum þeim, sem hún keypti hafi orðið eftir í vörslum sendanda og sje því krafan of há um kr. 1068,51. Undir rekstri málsins virðist upplýst að nokkuð af vörunum hafi orðið eftir hjá sendanda og telur aðalstefnandi andvirði þess að eins kr. 743,58 og hefir aðalstefnda ekki mótmælt því, enda er sú upphæð í samræmi við framlagða reikninga.

Aðalstefnandi hefir lagt fram 2 frumrit farmskírteinis yfir vörurnar, sem hann segir að sendandi varanna hafi afhendt Eimskipafjelagi Íslands, þegar það greiddi vörurnar.

Aðalstefnda hefir mótmælt þessum skjölum sem markleysu, en slík örökstudd mótmæli gegn skjölum, sem eru gefin út af rjettum aðila og að öllu leyti í lögmætu formi, er ekki hægt að taka til greina.

Inn í mál þetta hefir mjög verið blandað viðskiftum sendanda vörunnar og aðalstefndu um skilyrðin fyrir sölunni, eignarrjettinn yfir vörunum og greiðslunni á þeim, sem rjetturinn lítur svo á að sje óviðkomandi þessu máli, nema að svo miklu leyti sem aðalatriði þess, heimild aðalstefndu til að fá sjer vörurnar afhentar, kunni að skýrast við þá málsútlistun.

Það er upplýst, að aðalstefnda hefir aldrei haft frumrit farmskírteinis fyrir vörunum í sínum höndum og að hún hefir ekki sannað hvorki fyrir afgreiðslunni, uje síðar undir rekstri málsins, að hún hafi haft nokkura heimild til að fá sjer vörurnar afhentar. Aðalstefnanda var því óheimilt gagnvart sendanda eða öðrum, er farmskírteinið kynni að sýna með löglegu framsali að afhenda aðalstefnda vörurnar eins og hann gerði. Hann telur að visu aðalstefnda hafa lofað, er hún fjeck vörurnar afhentar að útvega farmskírteini fyrir þeim og á þessu lofordi byggir aðalstefnandi

fyrst og fremst kröfu sína um að fá sjer vörurnar afhentar eða andvirði þeirra.

Eins og fyr greinir hefir maður sá, sem vörurnar afhenti borið fyrir rjetti, að aðalstefnda hafi gefið slíkt loforð, en þar sem vitnið er starfsmaður aðalstefnanda og úrslit þessa máls geta ef til vill haft fjárbagslega þýðingu fyrir vitnið, þykir, gegn mótmælum aðalstefndu, ekki verða byggt á vitnisburði þess í málinu. Verður þá ekki álitnið að aðalstefnandi hafi fært sönnur á að aðalstefnda hafi gefið umrætt loforð, enda þótt ýmislegt, sem fram er komið í málinu bendi mjög í þá átt. Hinsvegar er ekkert um það upplýst að aðalstefnandi hafi við afhendingu varanna viljað losa aðalstefndu við alla ábyrgð sem af því kynni að leiða, að hún reyndist ekki rjettur viðtakandi þeirra; hinsvegar virðist svo, eins og málið horfir við, sem aðalstefndu hafi hlotið að vera það ljóst, eða hún átt að vita að aðalstefnandi mundi ekki hafa afhent henni vörurnar nema með því skilyrði, að hún sannaði viðtökurjett sinn til þeirra ef á þyrfti að halda; en þegar sendandi gerði lögmætt tilkall til varanna og aðalstefnda hvorki vildi nje gat lagt fram skilríki fyrir heimild sinni til að veita vörunum móttöku var framangreind skilyrði fyrir afhendingunni brostið og hafði aðalstefnandi þá þegar rjett til að heimta vörurnar aftur úr vörslum aðalstefndu.

Fyrir fógatarjettinum upplýstist, að aðalstefnda hafði ekki haldið vörunum fraskildum sínum vörum og að hún hafði þegar selt af þeim, og er því nú ekki hægt að skila þeim aftur, en í þess stað á aðalstefnandi heimtingu á að aðalstefnda skili honum andvirði þeirra, þ. e. því verði sem hún gaf fyrir þær, sem eins fyr segir nemur kr. 5000,00 ÷ kr. 743,58 eða kr. 4256,42, sem verður að skylda aðalstefndu til að greiða aðalstefnanda.

Ennfremur ber að staðfesta lögaldsgerðina, þar sem telja verður að aðalstefnandi hafi haft rjett til að fá eignir aðalstefndu kyrsettar fyrir kröfu sinni, og staðfestingarmálið hefir verið löglega rekið.

Eftir þessum úrslitum ber að skylda aðalstefndu til að greiða aðalstefnda málskostnað sem virðist hæfilega metinn kr. 150,00.

Af framangreindu leiðir, að varakrafa aðalstefnandans í framhaldssök fellur niður. Þá ber og að sýkna gagnstefndan af kröfu gagnstefnanda í gagnsökinni.

Ummæli í varnarskjali aðalstefndu rskj. nr. 26 um vitnið Arnór Jóhannsson: „Vandræðamaðurinn Arnór Jóhannsson er

ekki í samræmi við neitt nema sinn einlæga vilja að blekkja yfirboðara sína málstað sínum til bóta“ ber að ómerkja sem meiðandi fyrir vitnið.

Mánudaginn 20. júní 1927.

Nr. 37/1927.

H.f. Kakali (Fjeldsted)
gegn

Sig. Jóhannssyni f. h. Veiðarfæra-
verslunarinnar Geysir

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf rjetti stefnda til sjóveðs í bv. Clementina.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. maí 1927: Stefnd stjórn h/fj. „Kakali“ þeir Carl Proppé, Ólafur Proppé og Jón Proppé, greiði fyrir fjelagsins hönd stefnandanum Sigurði Jóhannssyni f. h. Veiðarfæraverslunarinnar „Geysir“ kr. 10689,32 með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1926 til greiðsludags og kr. 538,00 í málskostnað og á stefnandi sjóveð í uppboðsandvirði b/v. I.S. 450 „Clementina“, sem nú er í vörslum bæjarfógetans í Hafnarfirði, fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Einkaágreiningsefnið í máli þessu hjer fyrir rjettinum er það, hvort eða að hve miklu leyti stefndi hafi öðlast sjóveðrjett í skipinu „Clementina“, sem átti heima vestur á Þingeyri, fyrir vöruúttekt þeirri, að upphæð 10689 kr. 32 aur., er átti sjer stað við verslun stefnda í Reykjavík, á tímabilinu frá 1. sept. 1925 til 6. mars 1926, að báðum dögum meðtöldum. Meginúttektin fór fram frá 1. sept. til 16. des. 1925, en þann tíma var skipið undir viðgerð hjer syðra, að því er ætla má eftir málfærslunni. Upp úr viðgerð-